

## Minnisblað

VIÐTAKANDI: Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis  
SENDANDI: LGK/HÁP

REYKJAVÍK  
DAGS.: 31.03.2020

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um söfnun upplýsinga um dreifingu starfa, 530.mál

Verkefnastofu Borgarlínu barst til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þingsályktunartillaga um söfnun upplýsinga um dreifingu starfa.

Verkefnastofa Borgarlínu fagnar þessari þingsályktun, enda hafa fagaðilar sem og hagsmunaðilar kallað lengi eftir því að slík gagnaöflun fari fram.

Upplýsingar um staðsetningu starfa og tenging þeirra við heimili fólks er mikilvæg forsenda til þessa að geta greint og skilið dagleg ferðamynstur á landinu (e. commuting flows).

Þar sem sambærileg gagnaöflun hefur nú þegar farið fram í flestum Evrópuríkjum og í Bandaríkjunum hvetjum við eindregið til þess að þingsályktunartillagan verði samþykkt og hafin verði útfærsla á reglulegri kortlagningu starfa í líkingu við erlend fordæmi.

Athygli er vakin á því að verkefnið er tvíþætt, annars vegar gagnaöflunin og hins vegar tenging gagnanna við heimili starfsmanns og því mikilvægt að tryggja að gagnaöflunin sé framkvæmd þannig að sem einfaldast sé að tengja gögnin við heimili. Þannig fást annars vegar upplýsingar um fjölda starfa í hverju sveitarfélagi/hverfi og hins vegar hvaðan fólk er að sækja vinnu og hversu langt það ferðast til vinnu. Bandaríska Census heimasíðan útskýrir vel mikilvægi þessarar tengingar á eftrifarandi hlekk:

<https://www.census.gov/topics/employment/commuting/guidance/flows.html>

Að lokum er hér til gamans hlekkur á frétt um daglegan fjölda „commuters“ sem ferðast inn á Manhattan, takið sérstaklega eftir hreyfimyndinni sem sýnir hvernig fólksfjöldinn á háannatíma á daginn er tífaldur á við það sem hann er á næturnar.

<https://www.businessinsider.com/manhattan-gif-commute-travel-patterns-2018-5?r=US&IR=T>

Virðingarfyllt  
Lilja G. Karlsdóttir  
Verkefnastjóri